

Fundargerð

5. fundur

*Sunnudaginn 17. september 2006 kom byggðarráð saman til fundar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.
Fundur hófst kl. 10:00.*

Mættir: Sigurður Ragnar Kristinsson, Siggeir Stefánsson, Þórir Jónsson og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Mál. fundargerðir nefnda og ráða.

- Lagðar fram fjórar fundargerðir fjallskilanevndar dags, 24.,28. og 31.ágúst. Samþykkt að vísa fundargerð frá 24. ágúst til umfjöllunar í sveitarstjórn. Fundargerðir dagsettar 28 og 31. ágúst samþykktar samhljóða.
- Atvinnumálanefnd, 27.08.06. Lögð fram.
- Umhverfis-skipulags- og bygginganefnd, 28.08.06. Lögð fram.
- Hafnarhefnd Langanesbyggðar, 26.08.06. Samþykkt samhljóða.

2. Mál. Aðalfundur Eypings, 22-23. september.

Kynnt dagskrá og hugmyndir að umræðupunktum fyrir nefndir.

3. Mál. Aðalfundur AP 27.september.

Lögð fram dagskrá og samþykkt að sveitarstjóri fari á fundin fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. Mál. Fjárlaganefnd Alþingsins 25. – 26 september.

Sveitarstjóra falið að taka saman þau áhersluatriði sem ástæða þykir að koma á framfæri við fjárlaganefnd. Stefnt verði að því að ná fundi með henni en samþykkt að óska eftir fjarfundi með nefndinni í vikunni eftir Landsþing Sambands ísl. sveitarf.

5. Mál. Starfsmannamál.

Hlunnindasamningur skólastjóra á Bakkafirði.

Samþykkt að taka samninginn til afgreiðslu um leið og ráðningarsamningur liggur fyrir undirritaður af skólastjóra.

Ósk um lausn frá störfum frá Bjarnveigu Skaftfeld.

Sveitarstjóri gerð grein fyrir því að Bjarnveig hefði sagt starfi sínu lausu. En verði tilbúin til að sinna starfinu uns nýr starfsmaður finnst. Sveitarstjóra falið að auglýsa starfið laust til umsóknar í samráði við Svalabarðshrepp og eða kanna hvort leysa megi málið samhliða starfi íþrótt- og tómstundafulltrúa.

Ráðningarsamningur slökkvistjóra Langanesbyggðar.

Sveitarstjóri lagð fram upplýsingar um væntanleg kjör slökkvistjóra miðað við 50% starf. samþykkt að sveitarstjóri gangi frá samningi við Ólaf Stefánsson er lagður yrði fyrir næsta fund Byggðarráðs til staðfestingar.

Athugasemdir vegna ráðningar í stöður við grunnskólann á Þórshöfn.

Lagt fram bréf frá Sveinbjörgu Evu Jóhannesdóttur þar sem fram koma athugasemdir við ráðningu við grunnskólann á Þórshöfn, Einnig lá fyrir greinargerð frá skólastjóra vegna málsins. Sveitarstjóra falið að svara erindi Sveinbjargar með vísan til skýringa er fram koma í greinargerð skólastjóra.

Umsóknir um auglýstar stöður hjá Langanesbyggð.

- ┆ Umsóknir um starf fulltrúa sveitarstjóra.

Samþykkt að boða Elísabetu Gunnarsdóttur til fundar með byggðaráði og sveitarstjóra.

- ┆ Umsóknir um starf íþrótt- og tómstundafulltrúa.

Ekki tekin afstaða til umsóknar en sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

6. Mál. Úthlutun leiguíbúða.

Samþykkt að úthluta Söndru Valsdóttur 2ja herbergja íbúð að Vesturvegi 10b og Dorotu Burba og Þorgrími Kjartanssýni langholti 6.

7. Mál. Tillögur í samkeppni um byggðamerki fyrir Langanesbyggð.

Fjórir aðilar skiluðu inn tíu tillögum að byggðamerki. Niðurstaða byggðaráðs er að hafna öllum fram komnum tillögum. En óska eftir því við tillögugjafa að viðkomandi útfæri hugmynd sína nánar auk þess sem óskað verði eftir tillögum frá tveimur til þremur aðilum til viðbótar.

8. Mál. leikskólinn á Bakkafirði. Búnaðarpörf o. fl.

Sveitarstjóri kynnti hugmyndir að fjárfestingu í leiktækjum, framkvæmdum á lóð og endurbótum innandýra við leikskólann á Bakkafirði. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og freista þess að tryggja aðkomu Jöfnunarsjóðs að verkefninu.

9. Mál. Innlausn fasteignar.

Innsent erindi frá sýslumanninum á Húsavík og samþykkt að bóka umfjöllun og afgreiðslu í trúnaðarmálabók.

10. Mál. Jarðhitaleit.

Samþykkt að semja við Stapa ehf um jarðhitaleit í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi að því gefnu að samningar náist um kostnaðarskiptingu og nýtingu við Rarik og Svalbarðshrepp. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

11. Mál. Fræ ehf.

Kynnt málefni Fræs ehf og fjármögnun hlutafjárukningar m...

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:07.

Björn Ingimarsson, ritari.